

**413. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1,
Tálknafirði,miðvikudaginn 14. apríl 2010 og hófst hann kl. 09:00**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Guðni Ólafsson (GÓ), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Birna Benediktsdóttir (BB), Sigurvin Hreiðarsson (SH), Heiðar Jóhannsson (HJ)

Fundargerð ritaði: Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir , oddviti

Oddviti setti fundinn og athugaði hvort athugasemdir væru við boðaða dagskrá, svo var ekki. Oddviti óskaði eftir tilbrigði við dagskrá og sett yrði á dagskrá upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra undir dagskrárlíð nr. 14. og aðrir dagskrárlíðir færast neðar sem því nemur. Gengið til boðaðrar dagskrár. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

- 1. 1004028 - Samband íslenskra sveitarfélaga fundargerð 773 fundar stjórnar 26 mars 2010**
Lagt fram til kynningar. Samþykkt samhljóða.
- 2. 1003085 - Hafnasamband Íslands fundargerð 327 fundar stjórnar 12 mars 2010**
Lagt fram til kynningar. Samþykkt samhljóða.
- 3. 1004030 - Vignir Arnarson hugmynd að bæjarlistaverki**
Til máls tóku BB, BG, GÓ, SH, EIS. Vignir Arnarson, ásamt Aðalsteini Magnússyni, mætti á fundinn og kynnti hugmynd sína að bæjarlistaverki. Hreppsnefnd fagnar framtaki Vignis og tekur jákvætt í erindið. Frekari ákvörðun verður tekin þegar Vignir hefur skilað inn kostnaðaráætlun og álit bygginganefndar liggur fyrir. Samþykkt samhljóða.
- 4. 1004029 - Starfsendurhæfing Vestfjarða ársfundur 26 apríl 2010**
Til máls tóku BB, BG, EIS GÓ.
Tilnefnd sem fulltrúar Tálknafjarðarhrepps Bjarnveig Guðbrandsdóttir, Bragi Geir Gunnarsson og Guðni J. Ólafsson. Samþykkt samhljóða.
- 5. 1004027 - Atvinnumálanefnd Vesturbyggðar ályktun um sjávarútvegsmál**
Til máls tóku BG, BB, GÓ, EIS, SH.

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps tekur heilshugar undir ályktun Atvinnumálanefndar Vesturbyggðar frá 70.fundi hennar þann 22.mars s.l.og bókar eftirfarandi :

Sjávarútvegur gegnir lykilhlutverki í íslensku atvinnulífi og þá sérstaklega á Vestfjörðum þar sem um helmingur tekna atvinnulífsins kemur frá sjávarútvegi.

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps skorar á ríkisstjórn Íslands að ná viðtækri sátt milli hagsmunaaðila í sjávarútvegi og þjóðarinnar um framtíð sjávarútvegs á Íslandi. Nauðsynlegt er að halda Íslandi áfram í fremstu röð þjóða heims í veiðum, vinnslu og markaðssetningu sjávarfangs . Brýnt er að eyða allri óvissu um framtíð greinarinnar hið fyrsta, áður en varanlegur skaði hlýst af.

Hreppsnefnd Tálknafjarðar skorar á sjávarútvegsráðherra og ríkisstjórn að auka við bolfiskkvóta yfirstandandi fiskveiðiárs án tafar. Ef ekki verður brugðist skjótt við er ljóst að fiskvinnslufyrirtæki víða um land eru nauðbeygð til að grípa til lokana um lengri eða skemmri tíma með alvarlegum afleiðingum fyrir starfsfólkið, fyrirtækin, sveitarfélögin og gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins.

Oddvita falið að koma ályktun á framfæri við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem og sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis. Samþykkt samhljóða.

6. 1004022 - Félag íslenskra atvinnuflugmanna Reykjavíkurlugvöll áfram í Vatnsmýrinni

Til máls tóku BB, EIS, GÓ, SH, BG.

Fyrir fundinum lá bréf dags. 25. mars 2010 frá Félagi íslenskra atvinnuflugmanna þar sem hvatt er til að sveitarfélög vinni að því að núverandi staðsetning Reykjavíkurlugvallar verði til frambúðar í samræmi við fyrri ályktanir FÍA. Einnig eru samgönguyfirvöld hvött til að hefja nú þegar byggingu nýrrar samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýrinni til að bæta aðbúnað við farþega svo íbúar landsins megi búa við sem bestar flugsamgöngur til og frá höfuborginni.

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps þakkar bréfið og tekur heilshugar undir þau sjónarmið sem fram koma í bréfinu og vísar til fyrri bókana sinna í þessu sambandi.

Samþykkt samhljóða.

7. 1003089 - Búnaðarsamband Vestfjarða ósk um tilnefningu í starfsnefnd um fjallskilamál

Til máls tóku EIS, GÓ, BB.

Í samráði við Vesturbyggð tilnefnir Tálknafjarðarhreppur Ásgeir Sveinsson sem fulltrúa sveitarfélaganna í starfsnefndina.

Samþykkt samhljóða.

8. 1003088 - Náttúrustofa Vestfjarða starfsemi á suðursvæði Vestfjarða

Til máls tóku EIS, GÓ, BB, SH, BG.

Hreppsnefnd fagnar áformum Náttúrustofu um eflingu starfsemi sinnar á sunnanverðum Vestfjörðum og felur oddvita í samvinnu og samráði við forstöðumann Náttúrustofu og bæjarstjóra Vesturbyggðar að vinna að lausn málsins.

Samþykkt samhljóða.

9. 1003084 - Hafnasamband Íslands skýrsla um fjárhagsvanda hafna og umsögn um frumvarp

Til máls tóku EIS, GÓ, BB, SH, BG.

Hreppsnefnd tekur undir umsögn Hafnasamband Íslands um drög að frumvarpi til breytinga á hafnalögum - aflagjald. Samþykkt samhljóða.

10. 1003050 - Nefndasvið Alþingis - umhverfisnefnd umsögn um mál nr 425 426 427

Til máls tóku EIS, GÓ, BB.

Ekki var send inn umsögn til umhverfisnefndar Alþingis vegna umræddra mála, hreppsnefnd vísar til umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Samþykkt samhljóða.

11. 1003031 - Tilboð í hönnun fráveitu á Tálknafirði

Til máls tóku EIS, GÓ, BB, SH, BG.

Erindi frestað frá 412.fundi 10.mars 2010. Hreppsnefnd hefur tekið ákvörðun um hafna öllum tilboðum í hönnun á fráveitu fyrir Tálknafjarðarhrepp. Við yfirlestur á tilboðum kemur í ljós að grunn gögn og upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að hægt sé að fara í hönnun eru ekki nægjanlegar og því þarf sveitarfélagið að ganga í það verkefni að koma þeim grunni upp með tilheyrandi kostnaði. Að því loknu verður tekin ákvörðun um næstu skref. Samþykkt samhljóða.

12. 0912015 - Sorphirða - staða mála

Til máls tóku EIS, GÓ, BB, SH, BG.

Tilboð í sorphirðu í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi voru opnuð 17.mars 2010. Hreppsnefnd veitir Birnu Benediktsdóttur og oddvita Eyrúnu Ingibjörgu Sigþórsdóttur umboð til að ljúka málinu í samvinnu við Vesturbyggð. Samþykkt samhljóða.

13. 0909084 - Orkustofnun. Heitt vatn. Kynning á stöðu mála

Birna Benediktsdóttir lýsir yfir vanhæfi og vikur af fundi undir þessum lið.

Heiðar Jóhannsson tekur sæti sem varamaður. Oddviti býður Heiðar velkominn til síns fyrsta fundar í hreppsnefnd á þessu kjörtímabili.

Samningsdrög um einkarétt til borana í landi Litla-Laugardals hafa farið á milli samningsaðila. Þá liggur fyrir minnisblað frá lögmanni sveitarfélagsins vegna málsins. Til máls tóku EIS, BG, GÓ, SH, HJ. Hreppsnefnd leggur til að boðað verði til samningsfundar með fulltrúum landeigenda, fulltrúum hreppsnefndar og lögmanni sveitarfélagsins, sem fyrst. Bragi Geir Gunnarsson og oddviti Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir verði fulltrúar hreppsnefndar á fundinum. Samþykkt samhljóða. Heiðar Jóhannsson vikur af fundi.

14. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra

Birna Benediktsdóttir kemur inn á fundinn.

1.Svæðisskrifstofa málefna fatlaðar á Vestfjörðum, framkvæmdarstjóri og sviðsstjóri stofnunarinnar óska eftir fundi með hreppsnefnd mánudaginn 19.apríl kl. 16:00 í fundarsal á Bæjarskrifstofu Vesturbyggðar.

2. Heimsókn stjórnar Hafnasambands Íslands í lok vikunnar.

3. Ársreikningur sveitarfélagsins vinna við hann í fullum gangi og verður hann tekinn fyrir í fyrri umræðu á næsta fundi hreppsnefndar. Framkvæmdarstjóri lagði fram tillögu frá endurskoðanda sveitarfélagsins KPMG, þess efnis að stofnfjárbréf í Sparisjóði Keflavíkur verði skráð í bókhaldi sem nemur 10% af stofnfé skv. stofnfjármiða 2010, eða á kr. 7.318.383.- Samþykkt samhljóða.

15. 1003075 - Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ofh 2010

Lagt fram til kynningar.

**16. 1003087 - Skipulagsstofnun greiðsla kostnaðar vegna
aðalskipulagsgerðar dags 16 mars 2010**

Lagt fram til kynningar.

**17. 1004021 - Jöfnunarsjóður sveitarfélaga endurgreiðsla á hækkuðu
tryggingagjaldi**

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:35

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____